

Mánudaginn 31. maí 1920

Nr. 61/1919

Ásgeir Ásgeirsson

gegn

Guðmundi Einarssyni.**Dómur hæstarjettar.**

Með umboði dags. 15. des. 1918 fól Georg nokkur Jónsson stefnda í máli þessu, prófasti Guðmundi Einarssyni í Ólafsvík, að veita móttöku hjá áfrýjanda hesti, er Georg þessi átti hjá honum, en þar sem áfrýjandi ekki vildi eða taldi sjer skylt að sleppa hestinum, fjekk stefndi fógetann í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu með fógetagjörð 13. júní f. á. til að taka hestinn af áfrýjanda og afhenda sjer hann. Þessari fógetagjörð hefur áfrýjandi skotið til hæstarjettar og krafist þess að fógetarjettargjörðin verði úr gildi feld, gjörðarbeiðandi Guðmundur prófastur Einarsson skyldaður til að afhenda honum hestinn og greiða 300 kr. fyrir afnotamissi af honum með 5% vöxtum frá 22. okt. f. á. og málskostnað eftir mati rjettarins. En þar sem hinum rjetta aðila, framannefndum eiganda hests þess, er ræðir um í fógetarjettargjörðinni, hefur ekki verið stefnt, hann hefur ekki mætt hjer fyrir rjettinum og málið ber það ekki með sjer, að hann hafi gefið stefnda umboð til að mæta í máli þessu hjer fyrir rjettinum, ber ex officio að frávísa málinu, og verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 75 kr.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Áfrýjandi, Ásgeir Ásgeirsson, greiði stefnda Guðmundi prófasti Einarssyni 75 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri laga-aðför.